









Fundargerð

Fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 11:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð

- 1. Fundargerðir síðustu fundar**
Fundargerðir 373 og 374 samþykktar.

- 2. Fundargögn**

	373 fundargerð 15 04 2021.docx
	374 fundargerð 24 04 2021.docx
	Árborg - ársreikningur 2020 .pdf
	Drög að ársskýrsla 2020.docx
	Reykjavíkurborg - ársreikningur 2020 .pdf
	Strandabyggð - verkefnisáætlun .pdf
	Vopnafjarðarhreppur - fjárhagsáætlun 2021-2024.pdf
	Yfirlit um mál í vinnslu apríl 2021.xlsx

- 3. Ársskýrsla 2020**
Lögð voru fyrir drög að ársskýrslu 2020. Ákveðið var að GAG myndi klára drögin og senda svo á nefndina.
- 4. Fundur með Vopnafjarðarhreppi**
Fulltrúar frá Vopnafjarðarhreppi boðuðu forföll og var ákveðið að fresta fundinn til 26. maí nk.
- 5. Strandabyggð**
Lögð var fyrir verkefnisáætlun fyrir Strandabyggð fyrir árin 2022-2025 sem unnin var af Ráðrík ehf. Verkefnisáætlunin er unnin á grundvelli samkomulags samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og sveitarstjórnar Strandabyggðar, dags. 30. mars 2021. Þar er kveðið á um að skila þurfi verkefnisáætlun til eftirlitsnefndar.

Nefndin tók jákvætt í fyrirhugaða vinnu og gerði engar athugasemdir við verkefnisáætlunina með þeim fyrirvara að allar tölur sem þar koma fram séu réttar.

Ákveðið var að GAG myndi vera í sambandi við Strandabyggð og fá upplýsingar um framgang mála.

6. Ársreikningar Reykjavíkurborgar og Árborgar

Frestað til næsta fundar.

7. Verkefnaskjal

Engar breytingar gerðar á verkefnaskjali.

8. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði 26. maí kl. 09:00.

Fundi lauk kl. 12:00